



Borgarráð

### **Menningar- og samfélagshús á Ártúnshöfða**

Lagt til að Þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að leiða þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshúss á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu nýju hverfi á Ártúnshöfða. Til verkefnisins verði skipaður verði starfshópur með aðkomu annarra sviða Reykjavíkurborgar.

Jafnframt er lagt til að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eignaskrifstofu verði falið að semja við Borgarhöfða Fasteignapróun II ehf. um að Reykjavíkurborg eignist þann byggingarrétt lóðarinnar sem ætlað er fyrir menningarhús við Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Fyrir byggingarrétt menningarhúss verður greitt fyrir með byggingarrétti á nálægum lóðum á Ártúnshöfða og verður samningur lagður fyrir borgarráð þegar niðurstaða þarfagreiningar liggur fyrir.


#### ***Greinargerð:***

Gert er ráð fyrir að á Ártúnshöfða og við Elliðaárvog muni rísa byggð fyrir allt að 20 þúsund borgarbúa á komandi árum. Er uppbygging hverfisins þegar hafin. Nauðsynlegt er að rýna þörf fyrir menningar- og samfélagsþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar en eðlilegt að þær þarfir taki mið af hraðri framþróun í þjónustuveitingu og endurhugsun á rýmum og þjónustu við borgarbúa, s.s. á bókasöfnum, í velferðarþjónustu og víðar. Þarfagreining fyrir menningar- og samfélagshús þarf því að byggja á nýsköpun og nýrri hugsun og horfa til bestu erlendu fyrirmynda í samtímanum. Í deiliskipulagi fyrir svæði 1 á Ártúnshöfða, nánar tiltekið inn á lóð 9A skv. skipulagi, er gert ráð fyrir menningarhúsi. Borgin hefur hug á því að vera eð fjölbreytta starfsemi í húsnæðinu, s.s. menningartengda starfsemi, auk annarrar samfélags þjónustu. Lóðin stendur við Krossamýrartorg en fyrir aftan menningarhúsið er gert ráð fyrir almenningsgarði. Borgarhöfði Fasteignapróun II ehf. heldur á lóðarleiguréttindum lóðarinnar.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Deiliskipulagsuppráttur fyrir Ártúnshöfða svæði 1



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR

SKÝRINGAR:

- Afmörkun deiliskipulagssvæðis
- Núverandi byggingar
- Vikjandi byggingar
- Byggingarreitur nýbygginga
- Byggingarreitur rofinn leiðbeinandi
- Byggingarreitur fyrir kjallara og bilakjallara
- Lóðamörk
- Skipting hæða - leiðbeinandi
- Kvöð um lagirn Veitna 8.5 m frá Borgarlínu
- Kvöð um almenna umferð gangandi
- Hæðir / kjallari
- Innkeyrsla í bilakjallara - leiðbeinandi
- Gróður - leiðbeinandi
- Forgardar
- Djúpgámar, bilastæði, hjól, gróður.
- Kennileiti
- Hæðarkótar - leiðbeinandi
- Dreifistöðvar rafmagns - leiðbein. staðsetn.
- Dreifistöðvar rafmagns fyririggjandi
- Áfangastaðir
- Leiksvæði

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var auglýst frá \_\_\_\_\_ 2021, með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 2021.

Tillagan var samþykkt í skipulags- og samgönguráði þann \_\_\_\_\_ 2021 og í borgarráði þann \_\_\_\_\_ 2021.

Auglýsing um gjaldistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á uppdrætti í desember 2021 í kjölfar athugasemda eftir auglýsingu:

- Aðalskipulagsuppdráttur hefur verið uppfærður til samræmis við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.
- Ný götunöfn hafa verið sett inn samanber tillögu nafnabands sem samþykkt var í skipulags- og samgönguráði þann 3. nóvember 2021.
- Framsetning svæða fyrir bilastæði, regngarða, djúpgáma og gróðurs breytt.
- Leiðréttar villur í samræmingu grunnmynda, sneiðinga og brúviddar.

ASK ARKITEKTAR EHF  
GABRISDÓTTIR 101 REYKJAVÍK  
SMÍ 515 0300 FAX 515 0319  
www.ask.is



VERKEFNI  
ÁRTÚNSHÖFÐI SVÆÐI 1

TEGUNDYRNINGAR  
DEILISKIPULAGSTILLAGA  
HEITI DYRNINGAR  
DEILISKIPULAGSUPPDRATTUR

SKALA 1:1000  
MANNING  
BH PG GÖS  
TEKNI  
ASK  
YRFR  
BH PG GÖS  
DAGS  
04.06.2021  
BRIEYFING  
03.12.2021

VIRKI NR. 1759 AÐREKNI-NAEVI TEYRNINGAR 05-02 (2/4)

